



Árnesi, 19. nóvember 2025

Mál nr. M202503-0025

Umsögn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakka ég fyrir að fá að koma á framfæri umsögn er snýr að þeim orkunýtingarkostum sem eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Umhverfis- og samgöngunefnd er að fjalla um.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur mest raforka verið framleidd í sögu Íslands. Uppsett afl virkjana í sveitarfélaginu er yfir 500 MW sem er nægjanleg raforkuframleiðsla fyrir öll heimili og fyrirtæki á Íslandi, að undanskilinni stóriðjunni. Í gegnum sveitarfélagið liggja á annað hundrað kílómetrar af háspennulínunum enda hryggjarstykkið af flutningsneti Landsnets sem liggur frá og í gegnum sveitarfélagið. Málefni orkuframleiðslu hafa því í áratugi verið stór hluti að málefnum sveitarstjórnar og samfélagsins í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur ítrekað fjallað um málefni tengt orkuframleiðslu síðustu árin og sýnt fram á að núverandi umgjörð skilar takmörkuðum ávinningi fyrir nærsamfélag orkuvinnslu. Mikilvægt er að núverandi ríkisstjórn hafi það í forgangi að tryggja nærsamfélaginu sanngjarnan ávinning af orkuvinnslu eins og boðað er í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Þjórsár- og Tungnaárvæðið er mikilvægasta orkuvinnslusvæðið á Íslandi og frá Þjórsár- og Tungnaárvæðinu liggja fimm háspennulínur sem hringtengja höfuðborgarsvæðið og mynda hryggjarstykkið í flutningskerfi raforku á Íslandi. Svæðið er því lífæð höfuðborgarsvæðisins og sú raforkuframleiðsla sem á sér stað á svæðinu og öðrum svæðum á Íslandi er undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis Íslands.

Í dag eru sjö vatnsaflsvirkjanir á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Vatnsfell (90MW), Sigalda (150MW), Hrauneyjar (210MW), Búðarháls (95MW), Sultartangi (120MW), Búrfell I (270MW) og Búrfell II (100MW). Samtals er uppsett afl vatnsaflsvirkjananna á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu 1.035 MW.

Í neðri hluta Þjórsár eru þrír virkjanakostir ónýttir. Hvammsvirkjun (95MW), Holtavirkjun (57MW) og Urriðafossvirkjun (150MW). Framkvæmdir við Hvammsvirkjun eru hafnar.

Landsvirkjun hefur því til viðbótar hannað aflaukningar og stækkanir á Vatnsfelli, Sigöldu, Hrauneyjum, Búðarhálsi, Sultartanga og Búrfell II, samtals stækkanir upp á rúmlega 350MW. Framkvæmdir við stækkun Sigöldu (60MW) eru hafnar.

Með því að klára að virkja neðrihluta Þjórsár ásamt því að framkvæma allar aflaukningar og stækkanir virkjana í efri hluta Þjórsár og Tungnaárvæðisins er því hægt að fara með uppsett afl vatnsaflsvirkjana á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu í tæplega 1.700 MW. Svæðið spilar því lykilhlutverk í orkuskiptum með grænni orku og efnahagslegu sjálfstæði Íslendinga til framtíðar. Sérstaklega skal tekið fram að núverandi flutningslínur frá Þjórsár- og



Tungnaárvæðinu, fimm háspennulínur sem hringtengja höfuðborgarsvæðið, anna flutningi þessarar raforkuframleiðslu og er því ekki hægt að finna hagkvæmari uppbyggingu orkumannvirkja á Íslandi og umhverfisáhrif þeirra í lágmarki í samanburði við þann mikla ávinning sem hlýst af því að virkja allt svæðið. Svæðið mun einnig skapa lykilhlutverki í því að geta sveiflujafnað mögulega uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur undir ályktun Alþingis um að Holtavirkjun (R3130A) verði færð úr biðflokki yfir í nýtingarflokk.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur ekki vera tímabært að færa Urriðafossvirkjun (R3131A) úr biðflokki fyrr en að reynsla verði komin á virkni seiðafleytu í Hvammsvirkjunar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur undir ályktun Alþingis um að Kjalölduveita verði áfram í biðflokki.

Að lokum vill sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps árétta að uppbygging grænnar orkuvinnslu er samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin og þingmenn Alþingis þurfa að gera sér grein fyrir því að ekki verður unnt að halda áfram uppbyggingu frekari orkuvinnslu í núverandi skattaumhverfi og treystir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á það að boðaðar breytingar í skattlagningu orkuvinnslu verði til þess að skapa sátt við nærumhverfi orkuvinnslu í framtíðinni. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um aukna græna orkuvinnslu mun leggja grunninn að fullum orkuskiptum og efnahagslegu sjálfstæði Íslands í orkumálum til framtíðar.

Ég myndi vilja óska eftir að fá að koma fyrir Umhverfis- og samgöngunefnd til að fylgja þessari umsögn eftir og fá að fjalla ítarlegra um mikilvægi Þjórsár- og Tungnaárvæðisins fyrir orkuöryggi Íslands.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson
Oddviti